

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 6-2018

*Tími:* þriðjudagur 15. maí 2018 á Keldnaholti og í tölvu kl. 15:05

*Mætt á Keldnaholti:* Sæmundur Sveinsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir og Margrét Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Helena Guttormsdóttir, Margrét Gísladóttir og Sunna Þórarinsdóttir voru í fjarfundi.

### 1. Endurskoðun starfsreglna

Klárað var að fara yfir breytingartillögur sem komu frá starfsmönnum á nýjum starfsreglum Lbhí. Í framhaldi verða reglurnar sendar í prófarkarlestur og síðan í Mennta- og menningarmálaráðuneytið til afgreiðslu.

### 2. Umsóknir um stöðu rektors og deildarforseta Umhverfis- og auðlindadeildar við Lbhí

Umsóknartími er útrunninn en umslög gætu enn átt eftir að skila sér. Það hafa borist fimm umsóknir í rektorstöðu og tvær í deildarforsetastöðu.

Ráðningartími setts rektors rennur út 1. október 2018.

Samþykkt að núverandi háskólaráð skipi valnefnd sökum stutts tímaramma.

Umsóknir í deildarforsetastöðu verða sendar í hæfnismat.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:25.